

# Upphaf Árbæjar

Árbær er gömul og rótgróin bújörð og nafn bæjarins tengist Elliðaánum sem renna hér í dalnum skammt frá. Ekki er vitað með vissu hvenær byggð hófst í Árbæ, en bærinn er ekki meðal þeirra jarða sem nefndar eru í Landnámu.

Elsta heimildin þar sem nafn Árbæjar kemur við sögu er frá árinu 1464, en það ár tengdist Árbær sögulegum atburði. Ein valdamesta kona Íslandssögunnar, Ólöf ríka Loftsdóttir, stefndi þangað mönnum til fundar við sig til að votta að hún hefði afhent greiðslu fyrir jarðir sem hún og maður hennar, Björn ríki Þorleifsson, voru að kaupa af Danakonungi.

Við siðaskiptin árið 1550 var Árbær í eigu Viðeyjarklausturs, völdugasta og ríkasta klausturs landsins. Klaustrið var stofnað árið 1226 og talið er að Árbær hafi orðið eign klaustursins skömmu síðar. Eftir siðaskiptin eignaðist Danakonungur allar jarðir Viðeyjarklausturs og þar með talinn Árbæ.

## Origins of Árbær

*The farm of Árbær has a long history, but it probably does not date back to the very early days of Iceland's settlement, around 870 AD. The name Árbær (River Farm) is derived from the nearby Elliðaár river. The first known reference to Árbær is from 1464, when Ólöf Loftsdóttir the Wealthy called witnesses there as she concluded a property deal.*

*Árbær was among the possessions of the monastery on Viðey island in the 13th century. After the Reformation in 1550 Iceland's monasteries were dissolved, and their properties, including Árbær, passed to the King of Denmark and Iceland.*

